

ALMENN PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Síðast uppfært: Október 2025

Þessi persónuverndarstefna fjallar um eftirfarandi:

1. [Söfnun persónuupplýsinga](#)
2. [Notkun persónuupplýsinga](#)
3. [Viðtakendur](#)
4. [Flutningur yfir landamæri](#)
5. [Valkostir þínir og réttindi skráðra aðila](#)
6. [Öryggi](#)
7. [Varðveisla](#)
8. [Tilkynning um fjárhagslega ívilnunaráætlun](#)
9. [Greiðslubjónusta þriðja aðila](#)
10. [Notkun bjónustu af hálfu ólöggráða barna](#)
11. [Breytingar á þessari persónuverndarstefnu](#)
12. [Hafa samband](#)

* * *

Við – Stanley Black & Decker, Inc. og hlutdeildarfélag okkar („**Stanley Black & Decker**“, „**við**“, „**okkur**“, „**okkar**“) – felum þér í hendur þessa persónuverndarstefnu í því skyni að upplýsa þig um hvernig og hvenær við vinnum úr persónuupplýsingum sem við söfnum í gegnum:

- Vefsvæði okkar, undirsíður og fartækjasvæði sem við rekum og þaðan sem þú opnar þessa persónuverndarstefnu;
- Hugbúnaðarforrit okkar sem eru gerð aðgengileg til notkunar í eða í gegnum tölvur, fartæki og tengd tæki;
- Samfélagsmiðla og forrit undir okkar umsjón og sem vísa í þessa persónuverndarstefnu (kallast einu nafni „**samfélagsmiðlasíður**“ okkar);
- Viðskipti okkar og tengsl við söluaðila;
- Vörur okkar og bjónustu;
- HTML- sniðin tölvupóstskeyti á HTML-sniði sem við sendum þér og innihalda tengil á þessa persónuverndarstefnu eða önnur samskipti við þig;
- Samskipti utan nets, eins og þegar þú heimsækir verslanir eða sölubása okkar, ferð á vörusýningu og
- Samskipti þín við okkur þegar þú leggur fram pöntun eða beiðni um bjónustu við viðskiptavini, þ.m.t. í spjallþjörkum.

Við flokkum allt framangreint sem „**bjónustu**“ okkar.

Þessi persónuverndarstefna gildir ekki um vefsíður, þjónustu eða forrit þriðja aðila, jafnvel í tilvikum þegar áður nefnd atriði eru aðgengileg í gegnum þjónustu okkar. Þú skalt ávallt kynna þér persónuverndarstefnu í hverju tilviki fyrir sig, hvernig er unnið úr persónuupplýsingum þínum og á hvaða hátt slíkar persónuupplýsingar eru gerðar aðgengilegar öðrum aðilum.

1. Söfnun persónuupplýsinga

„Persónuupplýsingar“ eru upplýsingar um auðkenndan eða persónugreinanlegan einstakling samkvæmt skilgreiningu hugtaksins í gildandi lögum. Við söfnum saman persónuupplýsingum um þig þegar þú notar þjónustu okkar og í einhverjum tilvikum frá þriðja aðila. Við notum einnig og sameinum gögn til að öðlast betri innsýn um þig t.d. um hvaða vörur þér geðjast mest að og einkenni, tilhneigingar eða aðgerðir þínar.

1.1 Persónuupplýsingar sem við söfnum frá þér

Við söfnum persónuupplýsingum þegar þú notar þjónustu okkar, t.d. þegar þú stofnar reikning til að fá aðgang að þjónustu okkar, skráir vörurnar þínar, hefur samskipti við þjónustuver okkar eða sérleyfishafa eða leyfishafa okkar, þegar þú tekur þátt í samkeppnum eða keppnum, þegar þú skráir þig fyrir markaðsefni, leggur fram spurningar um vöruábyrgð, flettir í gegnum þjónustuna, notar eitt af tengdum tækjum frá okkur, tekur þátt í viðburðum, festir kaup á einhverju, hefur samskipti við okkur eða gerist samstarfs- eða söluaðili okkar.

Það fer eftir notkun þinni á þjónustu okkar hvaða persónuupplýsingum við söfnum um þig:

- **Samskiptaupplýsingar:** svo sem nafn þitt, netfang, símanúmer, heimilisfang og búsetuland;
- **Reikningsupplýsingar:** svo sem innskráningarupplýsingar (varðandi reikninginn þinn), notendasnið, notandanafn, samnefni, ferill skráðra vara, vafraferill, innihald innkaupakörfu, óskalisti og innkaupaferill;
- **Hljóðrænar, rafrænar, sjónrænar upplýsingar og aðrar upplýsingar af svipuðum meiði:** svo sem mynd og hljóð, myndskaið eða símtalsupptökur sem verða til í viðskiptum okkar.
- **Upplýsingar um viðskipti:** svo sem upplýsingar um innkaup, pantanir og greiðslur, þ.m.t. upplýsingar um debet- eða kreditkort, upplýsingar um bankareikning og heimilisfang greiðanda;
- **Tækjaupplýsingar:** tæknilegar upplýsingar sem tengjast tækinu sem þú notar, eins og gerð og tegund tækisins, kerfistungumál, gerð vafra, landfræðileg staðsetning og stýrikerfi og tæknileg kenni sem auðkenna tækið sem þú notar, eins og IP-tala, IDFA-kenni (auðkenni fyrir auglýsendur) og önnur einkvæm kenni;
- **Upplýsingar um tengdar vörur:** upplýsingar um notkun þína á tengdum vörum okkar;
- **Notandaefni:** svo sem upplýsingar sem tengjast ánægjukönnunum viðskiptavina, umsagnir sem þú skilur eftir um vörur okkar, beiðnir eða fyrirspurnir viðskiptavina og annað efni sem þú gætir búið til, svo sem færslur á samfélagsmiðlasíðum okkar, ásamt tengdu nafni, notandanafni, samnefni eða öðrum reikningsupplýsingum;
- **Myndir og myndbönd:** eins og myndir og myndskaið sem þú sendir inn (t.d. sem hluta af innlausnarherferð) eða sem eru teknar/tekin á einhverjum af viðburðum á okkar vegum;

- **Raunveruleg staðsetning:** líkamleg staðsetning þín, þar á meðal hvort hægt er að fá nákvæma landfræðilega staðsetningu þína út frá IP-tölu þinni, GPS-hnitum, notkun á tengdum vörum okkar, samskiptum þínum við tölvupóstinn okkar eða handvirkt valin staðsetning, póstnúmer eða svæðisnúmer, allt eftir óskum þínum;
- **Upplýsingar um atvinnu:** eins og starfsgrein, iðngrein, atvinnustaða, atvinna, starfs- eða iðnmenntun og starfsreynsla;
- **Lýðfræðilegar upplýsingar:** eins og fjöldi heimilisfólks, dvalarland, aldur, fæðingarár, þjóðerni, tengsl, iðngrein, tekjur, menntun, atvinnustaða, starf, starfsgrein, aðild að stéttarfélagi og kyn;
- **Notkunarupplýsingar:** eins og upplýsingar um vafranotkun þína, innkaupamynstur og -hneigðir og virkni, eins og hversu lengi þú heimsækir vefsíðu, hvaða tengla þú smellir á, hvaða vefsíður þú opnar, hversu oft þú opnar tiltekna vefsíðu og hversu langur tími líður þar til þú opnar vefsíðuna aftur;
- **Kjörstillingar:** kjörstillingar þínar, annað hvort miðað við innkaupavenjur eða upplýsingar um kjörstillingar þínar, þ.m.t. ákjósanlegan greiðslumáta, vörur sem þú kaupir, skoðar og mælir með, tungumálið sem þú kýst að nota og kjörstillingar þínar varðandi markaðsefni og notkun vafrakaka;
- **Upplýsingar um samfélagsmiðla:** nafn þitt, netfang, mynd, listi yfir tengiliði á samfélagsmiðlum og allar upplýsingar sem kunna að vera eða þú gerir okkur aðgengilegar þegar þú tengir reikning samfélagsmiðils við þjónustureikninginn þinn;
- **Samskiptaferill:** ítarlegar upplýsingar um samskipti þín við okkur auk pöntunarferils; og
- Aðrar persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té.

Líkt og margir eigendur og rekstraraðilar vefsvæða notum við sjálfvirk verkfæri til gagnasöfnunar eins og vafrakökur og vefvita til að safna saman tilteknum upplýsingum. Frekari upplýsingar um söfnun okkar og notkun á vafrakökum er að finna í stefnu okkar um vafrakökur á <https://www.stanleyblackanddecker.com/privacy-policy/cookie-notice>. Við gætum einnig safnað eftirfarandi upplýsingum eftir því hvernig þú notar þjónustu okkar:

- **Gögn um netnotkun:** Síður eða skjámyndir sem þú skoðaðir, hversu lengi þú varst á síðu eða skjámynd, leiðsögn milli síðna eða skjámynda, upplýsingar um virkni þína á síðu eða skjámynd, aðgangstími og lengd aðgangs og hvort þú hefur opnað markaðssetningartölvupósta frá okkur eða smellt á tengla í þeim;
- **Tækjaupplýsingar:** Tegund og stýrikerfisútgáfa farsímans þíns, framleiðandi og gerð, skjáupplausn, vinnsluminni og diskastærð, örgjörvanotkun, gerð tækis (dæmi, sími, spjaldtölva), IP-tala, tungumálastillingar, símafyrtæki, upplýsingar um útvarps-/netkerfi (dæmi, WiFi, LTE, 3G), auglýsingaaudkenni og almennar staðsetningarupplýsingar. Þetta felur í sér gögn sem eru fengin með vafrakökum og svipaðri tækni;
- **Hljóð/sjónræn gögn:** Hljóðupplýsingar, rafrænar, sjónrænar og svipaðar upplýsingar, svo sem símtals- og myndupptökur, myndir og myndbönd tekin á einum af viðburðum/ráðstefnum okkar, eftirlitsmyndavélar og öryggisupplýsingar svæðis; og
- **Landfræðileg staðsetningargögn:** Svo sem staðsetning tækis og áætluð staðsetning út frá IP-tölu.

Við þurfum að safna persónuupplýsingum svo að við getum veitt þér þjónustuna sem þú óskar eftir. Ef þú lætur ekki í té þær upplýsingar sem beðið er um er ekki víst að við getum veitt þjónustuna. Í tilvikum þegar þú lætur okkur eða þjónustuveitendum okkar í té persónuupplýsingar annarra einstaklinga í tengslum við þjónustuna, staðfestir þú að hafa heimild til að gera slíkt og veitir okkur heimild til að nýta upplýsingarnar samkvæmt þessari persónuverndarstefnu og þjónustuskilmálum okkar sem koma fram á vörumerkjasíðunni sem þú opnar.

1.2 Persónuupplýsingar sem þriðji aðili lætur í té

Í sumum tilfellum kunnum við að komast yfir persónuupplýsingar þínar frá öðrum gagnagjöfum, en dæmi um slíka gagnagjafa eru m.a.:

- **Opinberar upplýsingar** frá opinberum gagnagrunnum, eins og LinkedIn, vefsvæðum með umsögnum um vörur eða skrár stéttarféлага eða atvinnugreinasamtaka eða í kjölfar skönnunar á samfélagsmiðlum eftir endurgjöf og beinum tilvísunum í Stanley Black & Decker eða í kjölfar útdráttar á vefgögnum;
- **Innkaupaupplýsingar** frá tengdum söluaðilum eða smásölum Stanley Black & Decker vara eða þjónustuveitendum okkar;
- **Tengiliðaupplýsingar, upplýsingar um atvinnu og aðrar upplýsingar** frá gagnasöfnunaraðilum, opinberum gagnagrunnum, viðskiptafélögum, þ.m.t. varðandi sameiginlega viðburði til markaðssetningar og kynningar og upplýsingar frá viðburðastjórum, áhrifavöldum og gagnagrunnum í einkaeigu um markaðssetningu eða kannanir/fyrirspurnir; og
- **Innskráningar þriðja aðila** þegar þú tengir, tengist eða skráir þig inn á þjónustu okkar með þjónustu þriðja aðila (til dæmis samfélagsmiðlaþjónustu). Í slíkum tilvikum fyrirskipar þú þjónustunni að senda okkur upplýsingar eins og þjónustan stjórnar þeim eða eins og þú hefur heimilað í gegnum persónuverndarstillingar þínar í þeirri þjónustu.

1.3 Viðkvæmar upplýsingar

Við kunnum að safna og vinna úr upplýsingum sem kunna að vera túlkaðar sem viðkvæmar upplýsingar. Við munum aðeins gera það þegar gildandi lög leyfa það og munum fylgja öllum gildandi vinnslutakmörkunum sem tengjast vinnslu slíkra gagna. Við munum leita eftir yfirlýstu samþykki frá þér við úrvinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga, eftir því sem við á.

Eftir því sem gildandi lög kveða á um kunna viðkvæmar upplýsingar að innihalda upplýsingar um eftirfarandi: kynþátt, trúarbrögð, þjóðerni, ríkisfang eða þjóðernisuppruna, aldur, kynvitund, hjúskaparstöðu, læknisfræðilegar eða heilsufarslegar upplýsingar (þ.m.t. upplýsingar um fötlun), líftölfræðilegar upplýsingar, upplýsingar um lífkennsl, aðild að stéttarfélagi, upplýsingar um stöðu sem fyrrverandi hermaður, upplýsingar um bakgrunnsathugun, upplýsingar frá dómstólum eins og sakaskrár, fjárhags- og bankareikningsupplýsingar, persónuupplýsingar til auðkenningar eða nákvæmar upplýsingar um landfræðilega staðsetningu.

Í tilvikum þegar persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té af fúsum og frjálsum vilja innihalda viðkvæmar upplýsingar samkvæmt gildandi lögum, veitir þú SBD heimild til að vinna úr slíkum persónuupplýsingum samkvæmt þessari persónuverndarstefnu.

2. Notkun persónuupplýsinga

Við notum persónuupplýsingar þínar eingöngu að því marki sem nauðsynlegt telst í lögmætum viðskiptatilgangi okkar, þ.m.t. þeim tilgangi sem lýst er hér á eftir. Við kunnum að safna persónuupplýsingum og gera þær nafnlausar þannig að þær auðkenni hvorki þig né annan einstakling og nota og deila slíkum gögnum í viðskiptatilgangi okkar.

2.1 Úrvinnsla pantana og vöruskil

Við vinnum úr tengiliðaupplýsingum, reikningsupplýsingum, færsluupplýsingum, tækjaupplýsingum, upplýsingum um staðsetningu, kjörstillingum, samskiptaferli, opinberum upplýsingum og öðrum persónuupplýsingum sem þú lætur okkur í té í því skyni að vinna úr pöntunum og vöruskilum þínum, þ.m.t. hvað varðar ábyrgðir og vöruskráningu, tengdar greiðslur, vöruskipti eða endurgreiðslubeiðnir.

Við munum taka þátt í þessum aðgerðum til að uppfylla samningsbundin tengsl okkar við þig, og/eða til að grípa til aðgerða að beiðni þinni áður en samningur er gerður.

2.2 Veita þjónustu

Við vinnum úr samskiptaupplýsingum, reikningsupplýsingum, tækjaupplýsingum, notendatengdu efni, staðsetningu, kjörstillingum, upplýsingum á samfélagsmiðlum, samskiptaferli, opinberum upplýsingum, staðsetningu og öðrum persónuupplýsingum sem þú lætur okkur í té í því skyni að veita þér þjónustuna sem þú biður okkur um á sérsniðinn og skilvirkan hátt, m.a. með því að: 1) Stofna reikning og útvega aðgang að skráðum reikningi og uppfæra reikningsupplýsingar þínar og halda þeim við; 2) nýta virkni snjalltækja, þ.m.t. beiðnir um landfræðilega staðsetningu (eins og veðurspá á hverjum stað eða nálægð við tiltekna staðsetningu) eða pörun tækja og 3) senda þér stjórnsýslulegar upplýsingar í tengslum við reikninginn, eins og breytingar á skilmálum og reglum okkar.

Við munum taka þátt í þessum aðgerðum til að uppfylla samningsbundin tengsl okkar við þig, og/eða til að grípa til aðgerða að beiðni þinni áður en samningur er gerður.

2.3 Veita notendabjónustu

Við vinnum úr samskiptaupplýsingum þínum, reikningsupplýsingum, tækjaupplýsingum, notendatengdu efni, staðsetningu, kjörstillingum, samskiptaferli og öðrum persónuupplýsingum sem þú lætur okkur í té til að fylgja eftir beiðnum þínum um notendabjónustu, eins og til að aðstoða þig og meðhöndla fyrirspurnir og vinna úr kvörtunum sem kunna að berast frá þér.

Við tökum þátt í þessum aðgerðum til að uppfylla samningsbundin tengsl okkar við þig.

2.4 Senda þér markaðsefni, sérsníða efni okkar að þér og skipuleggja og senda þér upplýsingar um kynningar og samkeppni

Við notum tengiliðaupplýsingar, reikningsupplýsingar, notandatengt efni, upplýsingar um atvinnu, kjörstillingar, upplýsingar um samfélagsmiðla, samskiptaferil, innkaupaupplýsingar, staðsetningu og aðrar persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té, ásamt öllum ályktunum sem við drögum um þig samkvæmt slíkum upplýsingum, til að auðkenna kjörstillingar og sérsníða efni og ráðleggingar okkar að þér, senda þér sérsníðnar auglýsingar og markaðsefni um þjónustu okkar, nýjar vörur og vörutillögur og aðrar fréttir um fyrirtækið okkar, og til að skipuleggja og miðla kynningum og samkeppnum. Við tökum þátt í þessari markaðssetningu og sérsníðnum þjónustum byggðum á lögmætum hagsmunum okkar, svo sem til að kynna þjónustu okkar og veita sérsníðna þjónustu byggða á óskum þínum.

Við kunnum að senda þér samskiptaupplýsingar um vörur og þjónustu sem svipar til vara og þjónustu sem þú fékkst upplýsingar um eða keyptir áður ef við höfum verið í sambandi áður. Þú getur afþakkað móttöku markaðsefnis hvenær sem er.

Í tilteknum tilvikum kunnum við að leita eftir samþykki þínu, þ.m.t. þegar slíks samþykkis er krafist samkvæmt lögum, til að senda þér tölvupóst með markaðsefni og til að sníða efni okkar að þér á grundvelli upplýsinganna sem lýst er hér á undan. Við kunnum einnig að leita eftir samþykki þínu ef við höfum ekki áður verið í sambandi við þig. Við munum nota persónuupplýsingarnar sem lýst er hér á undan til að ganga úr skugga um að markaðsefnið sé sérsníðið að áhugasviðum þínum, þ.e.a.s. ef þú veitir samþykki þitt. Þú getur sagt upp áskriftinni hvenær sem er ef þú vilt ekki lengur fá sent markaðsefni með því að smella á hnappinn „Hætta í áskrift“ sem birtist neðst á markaðsefni frá okkur, þegar slíkt á við, senda svarið „STÖÐVA“ við hvaða SMS-skilaboðum sem við kunnum að senda þér, hringja í síma +1 (888) 997-6648 eða fylla út [fyrirspurnareyðublað gagnaverndarstefnunnar](#).

Við munum reyna að bregðast við fyrirspurn þinni eins fljótt og kostur er. Hafðu í huga að ef þú velur að hafna markaðsefni frá okkur kunnum við þó áfram að senda þér mikilvæg skilaboð frá stjórnendum, sem ekki er hægt að hafna. Í sumum tilvikum kunnum við að hafa lögmæta viðskiptahagsmuni af því að senda þér markaðsefni og skipuleggja og miðla upplýsingum um kynningar og keppnir.

2.5 Greiða fyrir og skipuleggja heimsóknir, ráðstefnur og viðburði

Við notum tengiliðaupplýsingar, reikningsupplýsingar, upplýsingar um atvinnu, kjörstillingar, samskiptaferil, innkaupaupplýsingar, myndir og myndskið og aðrar persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té til að greiða fyrir og skipuleggja ráðstefnur og viðburði, eins og vörusýningar og til að bjóða gesti velkomna í húsakynni okkar.

Við munum taka þátt í þessum aðgerðum til að uppfylla samningsbundin tengsl okkar við þig, og/eða til að grípa til aðgerða að beiðni þinni áður en samningur er gerður.

2.6 Bæta vörur okkar og þjónustu

Við notum reikningsupplýsingar, upplýsingar um atvinnu, lýðfræðilegar upplýsingar, notkunarupplýsingar, innkaupaupplýsingar, samskiptaferil og aðrar persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té til að gera þér kleift að lesa og skrifa umsagnir við vörur og að framkvæma gagnagreiningar og kannanir og rannsóknir á viðskiptavinum, t.d. til að bæta skilvirkni þjónustu okkar, til að þróa nýjar vörur og þjónustu, til að auðkenna notkunarhneigðir (t.d. hvaða hluta þjónustu okkar notendur hafa mestan áhuga á) og til að ákvarða skilvirkni markaðsherferða okkar. Við kunnum á sama hátt að nota persónuupplýsingar þínar í gæða- og þjálfunarskyni.

Í tilvikum þegar við vinnum úr persónuupplýsingum þínum til að bæta vörur okkar og þjónustu, gerum við slíkt samkvæmt lögmætum hagsmunum okkar við að bæta stöðugt vörur og þjónustu okkar og veita þér bestu upplifun sem völ er á. Þar sem þess er lagalega krafist munum við fá samþykki þitt fyrir slíkri vinnslustarfsemi.

2.7 Auglýsingar

Við notum persónuupplýsingar sem fengnar eru með vafrakökum og svipaðri tækni til að ákveða hvaða auglýsingar eigi að birta þér og hvar eigi að birta þér slíkar auglýsingar, miðað við notkun þína á þjónustu okkar og öðrum vefsvæðum sem þú opnar. Frekari upplýsingar um söfnun okkar og notkun á vafrakökum er að finna í stefnu okkar um vafrakökur á <https://www.stanleyblackanddecker.com/privacy-policy>.

Þar sem þess er krafist samkvæmt gildandi lögum fáum við samþykki þitt til að senda beint markaðsefni til þín. Þar sem gildandi lög leyfa notum við einnig miðaðar auglýsingar sem byggja á lögmætum hagsmunum okkar, svo sem með því að veita sérsniðna þjónustu út frá þínum óskum.

2.8 Mynda tengsl við nýja samstarfsaðila og halda tengslum við núverandi samstarfsaðila

Við notum tengiliðaupplýsingar, reikningsupplýsingar, upplýsingar um atvinnu, samskiptaferil og aðrar persónuupplýsingar sem þú lætur okkur í té til að mynda tengsl við nýja samstarfsaðila eins og söluaðila, birgja og dreifingaraðila í því skyni að greiða fyrir tilboðum, tillögum og verktöku, til að skrá samstarfsaðila, til að greiða fyrir afköstum þjónustu, til að veita endurgjöf og stjórna tengslum og til að greiða fyrir endurnýjun og riftun samninga.

Í tilvikum þegar við vinnum úr persónuupplýsingum þínum til að koma á fót tengslum og halda tengslum við samstarfsaðila eins og við á, gerum við slíkt samkvæmt lögmætum viðskiptahagsmunum okkar, samstarfsaðila okkar eða þriðja aðila og til að veita þér bestu upplifun sem völ er á. Þar sem þess er lagalega krafist munum við fá samþykki þitt fyrir slíkri vinnslustarfsemi.

2.9 Veita þriðja aðila upplýsingar varðandi tiltekna sölu eða tiltekin viðskipti

Ef til stendur eða fram fer endurskipulagning innan Stanley Black & Decker, samruni, sala, samrekstur, framsal, flutningur eða önnur ráðstöfun, að hluta eða í heild, á rekstri okkar, eignum

eða hlutabréfum (þar á meðal í tengslum við hvers kyns gjaldprotameðferð eða álíka meðferð) kunnum við að vinna úr persónuupplýsingunum þínum til að láta af hendi eða flytja þær persónuupplýsingar sem við höfum safnað um þig að hluta eða í heild til þriðja aðila. Slíkir þriðju aðilar geta meðal annars verið yfirtökuaðili og ráðgjafar hans.

Við óskum eftir að vinna úr persónuupplýsingum þínum varðandi slíka sölu eða slík viðskipti eins og við á, samkvæmt lögmætum viðskiptahagsmunum okkar. Ennfremur leggjum við stund á slíka iðju til að uppfylla samningssamband okkar við þig, háð lögsögu þinni.

2.10 Tryggja öryggi þjónustu okkar með því að koma í veg fyrir misnotkun og ólöglegt athæfi

Við notum persónuupplýsingar þínar til að tryggja öryggi þjónustu okkar og koma í veg fyrir misnotkun og ólöglegt athæfi. Slíkt felur í sér að gera öryggisúttektir, staðfesta að innri ferli okkar starfi á réttan hátt og séu í samræmi við lög, reglur og samningsbundin skilyrði, hafa eftirlit með og koma í veg fyrir svik og staðfesta að skráning þín fyrir eða notkun á þjónustunni uppfylli kaup- og notkunarskilmála okkar. Við kunnum t.d. að fara yfir opinberar umsagnir sem þú kannt að birta á viðeigandi vefsvæði verslunar til að staðfesta reglufylgni við notkunarskilmála okkar sem eru tiltækir á vefsvæði vörumerkisins sem þú opnar.

Þegar slíkt á við vinnum við úr persónuupplýsingum eins og þarf til að uppfylla lögboðnar skyldur og skuldbindingar okkar og standa vörð um lögmæta hagsmuni okkar eða lögmæta hagsmuni samstarfsaðila okkar eða þriðja aðila til að koma í veg fyrir misnotkun og ólöglegt athæfi, eins og sviksamlegar færslur.

2.11 Uppfylling lagalegra skuldbindinga

Við notum persónuupplýsingar þínar eins og nauðsynlegt er til að uppfylla lagalegar skuldbindingar okkar. Slíkt kann að fela í sér tilvik þar sem okkur hefur borist sanngjörn beiðni frá starfsfólki eða fulltrúum lögbærra löggæslustofnana, dómstólum, ríkisstofnunum eða stjórnvöldum, þ.m.t. lögbærum gagnaverndaryfirvöldum. Okkur kann t.d. að vera gert að safna saman og flytja persónuupplýsingar þínar til fjármálastofnunar eða greiðsluþjónustufyrirtækis okkar til að gera fjármálastofnun og greiðsluþjónustufyrirtæki þínu kleift að uppfylla lagalegar skuldbindingar sínar, líkt og skuldbindingar samkvæmt gildandi lögum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi.

Við kunnum á sama hátt að deila persónuupplýsingum þínum, að höfðu tilliti til persónuverndar þinnar og annarra þátta, með löggæslufyrirvöldum eða dómstólum sem sönnunargögnum eða ef rökstuddur grunur leikur á um að þú hafir framið ólöglegt athæfi eða afbrot við notkun þjónustu okkar eða í öðrum samskiptum við okkur. Slíkt kann að vera nauðsynlegt t.d. til að uppfylla lagaskilyrði eða í samræmi við lagaferli eða lög, þ.m.t. lög utan dvalarlands þíns, í því skyni að framfylgja eða beita notkunarskilmálum okkar og öðrum samningum, þ.m.t. til reikningagerðar og innheimtu, til að vernda eignarrétt okkar og öryggi eða eignarrétt og öryggi þriðja aðila, hlutdeildarféлага okkar eða almennings, eða í því skyni að stöðva allar athafnir sem við teljum vera ólöglegar, siðlausar eða saknæmar. Þegar við vinnum úr eða deilum persónuupplýsingum þínum í

Þessum tilgangi gerum við það til að uppfylla lagaskyldur okkar, til að stjórna samningssambandi okkar við þig og/eða á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar, svo sem hagsmuna okkar af því að framfylgja skilmálum okkar og höfða og verjast lagalegum kröfum.

2.12 Neyðar- og atvikaviðbrögð

Við notum persónuupplýsingar þínar eins og nauðsynlegt er til að tryggja öryggi starfsfólks og gesta á staðnum, til að bregðast við, meðhöndla og skrá slys á staðnum og læknisfræðileg tilvik og önnur neyðartilvik, til að fylgjast á virkan hátt með eignum til að tryggja fullnægjandi varnir gegn atvikum, viðbrögð og skráningu, til að óska eftir aðstoð frá neyðarþjónustu og til að senda tilkynningar og breytingar ef upp koma atvik eða neyðartilvik (svo sem með SMS, tölvupósti, símtali, fyrirmælum í hljóð- og myndtækjum o.s.frv.).

Þegar við vinnum úr eða deilum persónuupplýsingum þínum í þessum tilgangi gerum við það til að stjórna samningsbundnu sambandi okkar við þig, til að vernda brýna hagsmuni einstaklinga, til að uppfylla lagaskyldur okkar og/eða á grundvelli lögmætra hagsmuna, svo sem að tryggja öryggi húsnæðis okkar.

3. Viðtakendur

Við munum aðeins deila persónuupplýsingum þínum með þriðja aðila eins og lýst er í þessari persónuverndarstefnu.

3.1 Upplýsingar sem við deilum í því skyni að veita þjónustu okkar

Þú samþykkir þegar þú kaupir eða notar vörur eða þjónustu okkar að þriðji aðili kann að vinna úr persónuupplýsingum þínum, en slíkur aðili vinnur úr persónuupplýsingum þínum fyrir okkar hönd til að veita þér vörur og þjónustu okkar og til að gera úrbætur á vörum og þjónustu okkar og eins og nauðsynlegt er til að ná öðrum tilgangi sem er tilgreindur í **Kafla 2 - Notkun persónuupplýsinga**. Þetta felur m.a. í sér, en er ekki takmarkað við vöruskráningu, hýsingu heimasíðu, greiningu gagna, upplýsingatækni og tengda innviðþjónustu og auglýsingar og greiningarþjónustu.

Við munum eingöngu ráða þriðja aðila til að vinna úr persónuupplýsingum þínum að því marki sem slík úrvinnsla telst vera nauðsynleg í þeim tilgangi sem tilgreindur er í **Kafla 2 - Notkun persónuupplýsinga**. Þriðji aðili sem er vinnsluaðili okkar hefur aðeins heimild til að vinna úr persónuupplýsingum þínum fyrir okkar hönd og samkvæmt skriflegum leiðbeiningum. Sumir þessara þriðju aðila eru vinnsluaðilar sem kunna að dvelja í landi þar sem lög um gagnavernd eru frábrugðin lögum um gagnavernd í þínu landi. Slíkir aðilar fá aðgang að persónuupplýsingum eftir þörfum til að uppfylla skyldu sína en er meinað að deila persónuupplýsingum þínum með öðrum þriðja aðila af hvaða toga sem er, eða nota áður nefnd gögn í nokkrum öðrum tilgangi.

3.2 Upplýsingar sem við deilum með hlutdeildarfélagum, leyfishöfum og sérleyfishöfum okkar

Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með samstarfsaðilum okkar að því marki sem slík úrvinnsla telst vera nauðsynleg í þeim tilgangi sem tilgreindur er í **Kafla 2 - Notkun**

persónuupplýsinga. Þú getur séð lista yfir hlutdeildarfélög okkar og staðsetningu þeirra hér. [Dótturfélög Stanley Black & Decker](#). Stanley Black & Decker Inc. ber ábyrgð á umsjón samnýtttra persónuupplýsinga þegar um er að ræða upplýsingar sem safnað er af japönskum hlutdeildarfélögum okkar sem nýttar eru í samvinnu við Stanley Black & Decker, Inc.

Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með leyfishöfum okkar og sérleyfishöfum til notkunar við markaðssetningu, dreifingu, sölu auglýsinga og viðgerðarþjónustu á vörum sem seldar eru samkvæmt leyfi frá okkur.

3.3 Upplýsingar sem við deilum með viðskiptafélögum okkar til að markaðssetja vörur þeirra eða þjónustu

Í samræmi við val þitt, og samþykki þitt þar sem þess er krafist samkvæmt gildandi lögum, kunnum við að birta þriðju aðilum persónuupplýsingar þínar til að markaðssetja þér vörur þeirra eða þjónustu.

3.4 Upplýsingar sem við deilum með öðrum þriðju aðilum

Við kunnum að birta persónuupplýsingar þínar eftir þörfum til að uppfylla lagalegar skuldbindingar okkar hvað tiltekna sölu eða viðskipti varða, til að bæta þjónustuna, eða til að vernda þjónustu okkar fyrir misnotkun og ólöglegu athæfi. Þetta getur falið í sér fagráðgjafa, svo sem bókara, tryggingafræðinga, endurskoðendur, sérfræðinga, ráðgjafa, lögfræðinga, banka og fjármálastofnanir.

Við gerum samning við auglýsingafyrirtæki þriðja aðila í því skyni að sérsníða netauglýsingar sem beint er til þín á öðrum vefsvæðum og í þjónustu á netinu. Þessi auglýsingafyrirtæki þriðja aðila setja, nota eða treysta á tækni, svo sem kökur og pixlamerki, til að fá upplýsingar um notkun þína á þjónustu okkar. Auglýsingafyrirtækin nota einnig þessa tækni, ásamt upplýsingum sem þau safna um netnotkun þína, til að þekkja þig í þeim tækjum sem þú notar, svo sem farsíma og fartölvu. Auk upplýsinga sem fyrirtækin fá gegnum aðgang þinn að og notkun þína á öðrum vefsvæðum eða í þjónustu á netinu í einhverjum tækjanna þinna, og upplýsingar sem berast frá þriðja aðila, hjálpa þessar upplýsingar okkur að velja viðeigandi auglýsingar til að sýna þér.

Frekari upplýsingar um söfnun okkar og notkun á vafrakökum, og hvernig á að afþakka þær, er að finna í stefnu okkar um vafrakökur á <https://www.stanleyblackanddecker.com/privacy-policy>. Við kunnum einnig að deila staðsetningu tækisins, ásamt upplýsingum um það hvaða auglýsingar þú hefur skoðað og öðrum upplýsingum, með samstarfsaðilum okkar í markaðssetningu til að gera þeim kleift að senda þér auglýsingar sem eru meira við hæfi og að rannsaka áhrifin af auglýsingaherferðum.

Við vinnum úr persónuupplýsingum þínum samkvæmt þessari persónuverndarstefnu og slík úrvinnsla takmarkast við það sem telst vera nauðsynlegt í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari persónuverndarstefnu.

3.5 Upplýsingar sem þú velur að deila í gegnum þjónustuna

Með því að nota þjónustuna getur þú valið að birta persónuupplýsingar:

- Á skilaboðasvæðum, opnum spjallsvæðum, notendasíðum, bloggi, rannsóknarsvæðum og -samfélögum, í könnunum, síðum með umsögnum og annarri þjónustu þar sem þú getur sett inn upplýsingar og efni (þ.m.t. án takmarkana samfélagsmiðlasíður okkar). Hafðu í huga að allar upplýsingar sem þú kannt að setja inn eða birta gegnum slíka þjónustu geta eftir það talist opinberar, og kunna að vera aðgengilegar öðrum notendum og almenningi; eða
- Þegar þú tengir þjónustureikninginn þinn við samfélagsmiðlareikninginn þinn getur þú deilt upplýsingum með vinum þínum á þeim reikningi, með öðrum notendum og með efnisveitu viðkomandi samfélagsmiðlareiknings. Með þessu heimilar þú okkur að auðvelda deilingu þessara upplýsinga, og þú skilur að notkun upplýsinga sem deilt hefur verið fellur undir persónuverndarstefnu efnisveitu viðkomandi samfélagsmiðils.

4. Flutningur yfir landamæri

Persónuupplýsingarnar þínar kunna að vera vistaðar og unnið úr þeim í hverju því landi eða svæði þar sem við erum með starfsstöðvar eða þar sem við nýtum okkur söluaðila, og með því að nota þjónustuna gerir þú þér ljóst að persónuupplýsingarnar þínar kunna að vera fluttar til landa utan búsetulands þíns eða svæðis, þar með talið til Bandaríkjanna, þar sem reglur um gagnavernd kunna að vera aðrar en gilda í þínu landi eða svæði.

Ýmis lönd krefjast þess að fyrirtæki grípi til sérstakra öryggisráðstafana þegar upplýsingum er deilt yfir landamæri. Við uppfyllum slíkar skuldbindingar og höfum innleitt ferli innan fyrirtækisins til að uppfylla slíkar skuldbindingar. Í tilvikum þegar úrvinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum fellur t.d. undir lög um gagnavernd í Bretlandi („**Bretland**“) eða Evrópska efnahagssvæðinu („**EES**“), mun hver og einn viðtakandi persónuupplýsinga þinna grípa til viðeigandi öryggisráðstafana við úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Gripið verður til slíkra öryggisráðstafana af eftirfarandi orsökum:

- Löggjöf viðtökulandsins telst veita nægilega gagnavernd samkvæmt gildandi stöðlum Bretlands og EES;
- Aðrar viðeigandi ráðstafanir eins og kveðið er á um í gildandi lögum, þ.m.t. hefðbundin samningsákvæði sem eiga við um flutninga og hafa verið innleidd af framkvæmdastjórn ESB og Bresku persónuverndarstofnuninni. Þú getur fengið afrit af slíkum ákvæðum með því að senda okkur [fyrirspurnareyðublað gagnaverndarstefnunnar](#).

Við munum leita eftir samþykki þínu ef gildandi lög krefjast fyrirfram samþykkis frá þér fyrir flutningi persónuupplýsinga þinna yfir landamæri.

5. Valkostir þínir og réttindi skráðra aðila

5.1 Samþykki og afþökkun

Samkvæmt gildandi lögum getur þú valið hvaða persónuupplýsingum við söfnum um þig og hvernig við notum og birtum slíkar persónuupplýsingar.

Við munum leita eftir samþykki þínu áður en við söfnum saman eða vinnum úr persónuupplýsingum þínum, sé öflun á slíku samþykki krafist samkvæmt lögum. Þú hefur rétt á að afturkalla samþykki sem þú veittir áður fyrir úrvinnslu persónuupplýsinga þinna. Hafðu í huga að ef þú afturkallar samþykki þitt kanntu að missa aðgang að tilteknum eiginleikum þjónustu okkar.

Þú getur afþakkað eftirfarandi:

- **Markaðsefni:** Þú getur afþakkað markaðsefni frá okkur með því að fylgja leiðbeiningunum sem taldar eru upp í tölvupóstinum sem þú fékkst, eða með því að fylla út [fyrirspurnareyðublað gagnaverndarstefnu](#) okkar eins og tilgreint er hér að neðan. Við munum reyna að uppfylla beiðni þína eins fljótt og raunhæft er. Þótt þú hafnir þessu kann að vera að þú fái áfram tölvupóst sem ekki er sendur í markaðssetningarskyni, til dæmis vegna staðfestingar á pöntun/sendingum, breytinga á þjónustu, skráningar á vörum, afturköllunar vara, eða vegna annarra mikilvæga samskipta sem varða viðskiptavini.
- **Textaskilaboð / markaðssetning á samskiptamiðlum:** Þú getur hafnað því að fá textaskilaboð frá okkur (t.d. SMS, MMS) og önnur spjallskilaboð frá okkur gegnum samskiptamiðla (t.d. WhatsApp, Facebook Messenger) með því að svara með „STOP“.
- **Bein markaðssetning:** Við kunnum að deila persónuupplýsingum þínum með þriðja aðila vegna beinnar markaðssetningar þeirra, þar sem gildandi lög leyfa. Ef þú vilt ekki að við deilum persónuupplýsingum þínum með þriðja aðila til beinnar markaðssetningar getur þú afþakkað slíkt. Frekari upplýsingar er að finna í [Kafli 5.3 - Beiðnir](#) hér að neðan.
- **Staðsetning:** Þú getur afþakkað söfnun og notkun staðsetningarupplýsinga með því að skoða stillingar vafrans og stillingar tölvupóstforritsins og leyfa ekki forritinu sem hlaðið er niður í fartækinu að fá aðgang að stillingum Bluetooth® í tækinu þínu. Stillingar borðtölvunnar eða fartækisins kunna að heimila þér að slökkva á eða hindra staðsetningarþjónustu, sem kemur í veg fyrir að þjónusta okkar fái aðgang að staðsetningarupplýsingum þínum. Ef þú velur að veita ekki þessar upplýsingar er ekki víst að þú fái efni sem sniðið er að staðsetningu þinni og við eða samstarfsaðilar okkar getum hugsanlega ekki veitt þér sérsniðna þjónustu og efni.
- **Vafrakökur:** til að fá frekari upplýsingar um að hafna notkun á kökum skaltu fara á slóðina <https://www.stanleyblackanddecker.com/privacy-policy>.

5.2 Réttindi skráðra aðila

Að því marki sem kveðið er á um í gildandi lögum kannt þú að hafa eftirfarandi réttindi varðandi persónuupplýsingar þínar.

5.2.1 Réttur til aðgangs

Þú gætir átt rétt til að biðja um aðgang að persónuupplýsingunum sem við vinnum um þig.

5.2.2 Réttur til leiðréttingar

Þú gætir átt rétt á að biðja um að persónuupplýsingar sem varða þig séu leiðréttar, þér að kostnaðarlausu. Beiðni þinni um leiðréttingu verður að fylgja sönnun fyrir því að slíkar upplýsingar séu ónákvæmar.

5.2.3 Réttur til eyðingar og til að takmarka vinnslu

Þú gætir átt rétt á því að leggja fram beiðni um eyðingu persónuupplýsinga þinna ef slíkar upplýsingar teljast óþarfar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari persónuverndarstefnu, eða ef þú dregur samþykki þitt til baka. Lagt verður mat á slíka beiðni miðað við eftirfarandi atriði og lögsagnarumdæmi þitt:

- Ófrávíkjanlega hagsmuni okkar eða ófrávíkjanlega hagsmuni þriðja aðila af hvaða toga sem er; og
- Skilyrði samkvæmt lögum eða reglugerðum eða stjórnsýslulegar tilskipanir eða dómsúrskurðir sem koma í veg fyrir slíka eyðingu.

Þú getur einnig beðið okkur um að takmarka úrvinnslu persónuupplýsinga þinna í stað þess að krefjast þess að upplýsingunum verði eytt, ef og þegar þú véfengir að persónuupplýsingar þínar séu réttar, þegar þú telur slíka úrvinnslu vera óréttmæta, þegar þú telur að ekki sé þörf á að geyma persónuupplýsingar þínar í þeim tilgangi sem tilgreindur er í þessari persónuverndarstefnu, eða af öðrum sökum samkvæmt gildandi lögum.

5.2.4 Andmælaréttur

Þú kannt að eiga rétt á að andmæla vinnslu persónuupplýsinga þinna af ástæðum sem tengjast sérstökum aðstæðum þínum. Þú getur hins vegar mótmælt úrvinnslu til beinnar markaðssetningar hvenær sem er, endurgjaldslaust og án frekari rökstuðnings.

5.2.5 Réttur til að flytja gögn

Þegar við vinnum úr persónuupplýsingum þínum með þínu samþykki til að uppfylla samning, kannt þú að hafa rétt á að fá í hendur persónuupplýsingarnar sem þú lést okkur í té á skipulegu, algengu og tölvulæsilegu sniði og þú kannt að hafa rétt á að senda slík gögn til annars aðila.

5.2.6 Réttur til að hlíta ekki ákvörðunum sem byggjast eingöngu á sjálfvirkri vinnslu

Þú kannt að hafa rétt á að hlíta ekki ákvörðunum sem byggjast eingöngu á sjálfvirkri vinnslu ef slíkar ákvarðanir hafa lagalegar eða umtalsverðar afleiðingar fyrir þig, að því undanskildu að slíkar

ákvarðanir séu teknar miðað við samning okkar á milli til að veita þér þjónustuna sem þú baðst um eða þegar við fengum yfirlýst samþykki frá þér.

5.3 Beiðnir

Ef þú vilt leggja fram beiðni um að nýta ein eða fleiri réttindi sem talin eru upp hér að ofan geturðu fengið aðgang að fyrirspurnareyðublaði gagnaverndarstefnunnar eða haft samband við okkur í síma +1 (888) 997-6648.

Í beiðni þinni skaltu vinsamlegast koma því skýrt á framfæri hvaða persónuupplýsingum þú vilt breyta, hvort þú vilt gera persónuupplýsingarnar þínar óaðgengilegar í gagnagrunninum okkar eða láta okkur vita hvaða aðrar takmarkanir þú vilt setja á notkun okkar á persónuupplýsingunum þínum. Til að tryggja vernd þína gætum við þurft að staðfesta hver þú ert áður en við verðum við beiðni þinni. Við munum reyna að uppfylla beiðni þína eins fljótt og auðið er.

- Þú getur einnig haft samband við þann gagnaverndarfulltrúa sem er ábyrgur fyrir þitt land eða svæði, ef við á. Sjá lista okkar yfir gagnaverndarfulltrúa og svipaðar aðgerðir.

Í beiðninni skal koma fram rétturinn sem þú hyggst neyta og ástæður eða nauðsynleg sönnun, ef þörf krefur. Þú verður hugsanlega að láta okkur í té tilteknar persónuupplýsingar til að við getum staðfest hver þú ert. Þegar við staðfestum beiðnina munum við bregðast við henni eins fljótt og auðið er samkvæmt gildandi lögum.

Hafðu í huga að við þurfum hugsanlega að varðveita tilteknar upplýsingar í skráningarskyni, og/eða til að ljúka viðskiptum sem þú hófst áður en beðið var um breytingar eða eyðingu (t.d. þegar þú kaupir eitthvað eða tekur þátt í kynningu getur þú hugsanlega ekki breytt eða eytt persónuupplýsingum sem þú hefur veitt fyrr en eftir að slíkum kaupum eða kynningu er lokið). Ennfremur geta ákveðnar persónuupplýsingar verið undanþegnar slíkum beiðnum samkvæmt gildandi lögum um persónuvernd eða öðrum lögum og reglugerðum.

Þegar úrvinnsla okkar á persónuupplýsingum þínum fellur t.d. undir evrópsk lög um gagnavernd vegna staðsetningar þinnar, þ.m.t. reglugerð (ESB) 2016/679 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga („GDPR-reglugerðin“), getur þú lagt fram kvörtun hjá lögbæru eftirlitsyfirvaldi ef þú ert óánægð(ur) með meðhöndlun okkar á persónuupplýsingum þínum. Til dæmis er lista yfir EES-gagnaverndaryfirvöld að finna á: http://ec.europa.eu/justice/data-protection/article-29/structure/data-protection-authorities/index_en.htm, og upplýsingar um gagnaverndaryfirvöld í Bretlandi má finna á: <https://ico.org.uk/>.

6. Öryggi

Við grípum til öryggisráðstafana til að vernda gögnin þín til að þú getir notað þjónustu okkar á öruggan hátt. Við leitumst við að grípa til viðeigandi tæknilegra, stjórnsýslulegra, skipulagslegra og

efnislegra ráðstafana í því skyni að vernda persónuupplýsingar þínar fyrir óheimilum aðgangi eða þjófnaði, tapi fyrir slysi, breytingum eða eyðingu. Hins vegar er aldrei hægt að tryggja að gagnaflutnings- eða geymslakerfi sé 100% öruggt og við getum ekki tryggt eða ábyrgst öryggi gagnanna þinna. Ef þú hefur ástæðu til að ætla að samskipti þín við okkur séu ekki lengur örugg skaltu tafarlaust tilkynna okkur það í samræmi við [Kafli 12 - Samskipti](#) hér á eftir.

7. Varðveisla

Eingöngu er unnið úr persónuupplýsingum þínum eins lengi og nauðsynlegt telst til að gegna þeim tilgangi sem kemur fram í þessari persónuverndarstefnu (háð þáttum eins og hversu lengi samband okkar stendur yfir og hversu lengi við veitum þér þjónustu okkar), eða þar til þegar þú dregur til baka samþykki þitt fyrir úrvinnslu þeirra.

Í slíkum tilvikum munum við eyða eða afmá auðkenni persónuupplýsinga þinna. Innan tiltekinna lögsagnarumdæma er okkur óheimilt að eyða eða afmá auðkenni persónuupplýsinga þinna ef:

- Við höfum ófrávíkjanlega hagsmuni af því að halda persónuupplýsingum þínum auðkennanlegum (þegar varðveisla er ráðlögð samkvæmt gildandi lögum um fyrningar, við teljum að möguleiki sé á málaferlum, eða ef til rannsókna eða endurskoðunar eftirlitsaðila eða lagalegra aðgerða kemur vegna kröfu sem tengist persónuupplýsingum þínum), eða
- Lagalegar skyldur eða stjórnsýslulegar tilskipanir eða dómsúrskurðir koma í veg fyrir að hægt sé að afmá auðkenni eða eyða upplýsingunum (til dæmis gætum við geymt persónuupplýsingar sem nauðsynlegar eru til að hafa samband við þig ef vara er innkölluð eða til að bera kennsl á þig til að standa við ábyrgð fyrir viðskiptavöru). Við gætum einnig varðveitt persónuupplýsingar vegna varðveislúrskurðar eða húsleitarheimildar og ákveðin lög krefjast þess að við geymum skrár yfir færslur þínar í ákveðinn tíma áður en við getum eytt þeim.

Hafðu í huga að ef þú segir upp áskrift að markaðsefni frá okkur munum við áfram varðveita netfangið þitt til að tryggja að við sendum þér ekki tölvupóst í markaðssetningarskyni í framtíðinni.

8. Tilkynning um fjárhagslega ívilnunaráætlun

Við bjóðum viðskiptavinum upp á vildar- eða hvatningarkerfi sem veita meðlimum tiltekinn ávinning, eins og úttektarmiða við nýskráningu á póstlista okkar eða SMS-skilaboð, afsláttaráætlanir og kynningarviðburði sem kunna að krefjast þess að þú skráir þig fyrir markaðsefni. Til að reka hvatningarkerfi okkar og veita þér slíkan ávinning munum við vinna úr nafni þínu, netfangi, símanúmeri, ferli vörukaupa og heimilisfangi. Annars eru þær persónuupplýsingar sem við söfnum frá meðlimum forritsins almennt svipaðar og þær persónuupplýsingar sem við söfnum frá þeim sem ekki eru meðlimir. Við söfnum persónuupplýsingum bæði frá meðlimum og öðrum sem ekki eru meðlimir út frá persónulegum óskum þeirra til að veita persónulega þjónustu, eins og lýst er hér að ofan í kafla 2. Magn persónuupplýsinga sem við söfnum frá meðlimi eða einstaklingum sem ekki eru meðlimir getur verið mismunandi og fer eftir samskiptum viðkomandi við okkur.

Vegna þess að markaðssetning á vildar- og hvatningakerfi okkar felur í sér söfnun og úrvinnslu persónuupplýsinga, flokkast slík kerfi sem „fjárhagsleg hvatning“ eða „hollusta í góðri trú“ samkvæmt lögum um friðhelgi einkalífs í Kaliforníu („CCPA“) og lögum um friðhelgi einkalífs í Colorado („CPA“), í hverju tilviki fyrir sig. Við „seljum“, eins og hugtakið er skilgreint í CCPA og CPA, persónuupplýsingar meðlima og einstaklinga sem ekki eru meðlimir til þriðju aðila til að sérsníða auglýsingaefni á netinu, eins og lýst er hér að neðan í viðauka við persónuverndarstefnu fyrir neytendur í Bandaríkjunum. Viðauki við persónuverndarstefnu fyrir neytendur í Bandaríkjunum tilgreinir einnig eftirfarandi upplýsingar: flokkar persónuupplýsinga sem eru „seldar“ til þriðju aðila, ef við á; flokkar persónuupplýsinga sem unnið er með fyrir markvissar auglýsingar, ef við á; og flokkar þriðju aðila sem munu taka við persónuupplýsingum meðlima, þar á meðal viðkvæmum persónuupplýsingum, ef við á.

Við metum mikilvægi persónuupplýsinga þinna fyrir okkur eingöngu í tilgangi CCPA og samkvæmt matskostunum sem tilgreindir eru í CCPA-reglugerðum, til að samsvara gildi úttektarmiðans eða ávinningsins sem þú færð þegar þú samþykkir að taka á móti markaðsefni, að frátöldum kostnaði í tengslum við að bjóða þér slíka úttektarmiða eða ávinning. Við byggjum þess góðu trú á: virði viðskiptasambanda okkar, svo sem við viðskiptafélaga, söluaðila og viðskiptavini, kostnað og útgjöld okkar af því að bjóða meðlimum ávinning, hvers konar ávinningur er veittur og söfnun, notkun og varðveisla persónuupplýsinga neytenda sem hafa sjálfir skráð sig og valið að vera áfram meðlimir. Ávinningur áætlunarinnar fyrir meðlimi er mjög mismunandi þar sem meðlimir nýta sér ávinning hennar á mismunandi vegu og í mismunandi mæli.

Meðlimir sem eru búsettir í Kaliforníu eða Colorado geta nýtt sér persónuverndarréttindi sín, þar á meðal réttinn til að vita, leiðrétta og afþakka „sölu“ eða „deilingu“ persónuupplýsinga, án þess að það hafi áhrif á meðlimastöðu þeirra eða rétt þeirra til að fá ávinning, og meðlimir sem nýta sér persónuverndarréttindi sín fá sama ávinning og meðlimir sem ekki gera það nema ef beðið er um að fá ekki markaðsefni, en í því tilviki getur SBD ekki haft samband við þig varðandi slíkan ávinning. Ef meðlimur nýtir rétt sinn til eyðingar með því að velja að eyða persónuupplýsingum sínum munum við ekki lengur geta haft samband við hann til að veita honum ávinning af áætluninni þegar við höfum uppfyllt beiðni hans um eyðingu.

Þú getur hætt þátttöku í slíkum vildar- og hvatningakerfum hvenær sem er. Til að gera það skaltu nota **fyrirspurnareyðublað gagnaverndarstefnunnar**, hafa samband við okkur í síma +1 (888) 997-6648, eða svara SMS skilaboðum með „STOP“.

9. Greiðsluþjónusta þriðja aðila

Þjónustan gæti innihaldið virkni sem gerir þér kleift að greiða Stanley Black & Decker með greiðsluþjónustu þriðja aðila sem þú hefur búið til þinn eigin reikning hjá. Þegar þú notar slíka þjónustu til að greiða okkur safnar þriðji aðili, en ekki við, persónuupplýsingum um þig, og slík söfnun verður því í samræmi við persónuverndarstefnu þess þriðja aðila, fremur en þessa persónuverndarstefnu. Við höfum ekki stjórn á, og teljumst ekki bera ábyrgð á, söfnun, notkun og birtingu persónuupplýsinga af hálfu þriðja aðila.

10. Notkun þjónustu af hálfu ólögráða barna

Þjónustan er ekki ætluð einstaklingum yngri en átján (18) ára og við söfnum ekki vísitandi persónugreinanlegum upplýsingum um slíka einstaklinga. Ef við fáum vitneskju um slíka vinnslu munum við gera ráðstafanir til að eyða henni.

11. Breytingar á þessari persónuverndarstefnu

Við munum hugsanlega gera breytingar á þessari persónuverndarstefnu af og til og biðjum þig því að lesa hana yfir reglulega. Við munum uppfæra gildandi dagsetningu persónuverndarstefnunnar hverju sinni um leið og breyting hefur verð gerð. Þegar við gerum breytingar birtum við þér tilkynningu á vefsvæði eða í þjónustu okkar eða sendum þér tilkynningu með tölvupósti. Endurskoðuð persónuverndarstefna tekur gildi um leið og við birtum hana á vefsíðu okkar eða í þjónustu okkar, eða þegar við sendum þér tilkynningu um endurskoðuðu persónuverndarstefnuna. Notkun þín á þjónustunni eftir þessar breytingar jafngildir samþykki þínu á endurskoðuðu persónuverndarstefnunni.

12. Hafa samband

Ef þú vilt senda inn beiðni um að nýta ein eða fleiri af réttindum sem talin eru upp hér að ofan geturðu gert það með því að:

- Að fylla út [fyrirspurnareyðublað gagnaverndarstefnunnar](#);
- Senda okkur tölvupóst á PrivacyPolicyManager@sbdinc.com; eða
- Hafa samband í síma +1 (888) 997-6648.

Vinsamlegast skoðaðu [Kafla 5.3 Beiðnir](#).

Stanley Black & Decker, Inc, sem er staðsett á neðangreindu heimilisfangi, er fyrirtækið sem ber ábyrgð á söfnun, notkun og miðlun persónuupplýsinga þinna samkvæmt þessari persónuverndarstefnu. Ef þú hefur spurningar eða áhyggjur varðandi persónuverndarstefnu okkar, vinsamlegast hafðu samband við skrifstofu fyrirtækisins á eftirfarandi pósthfangi:

Stanley Black & Decker, Inc.
1000 Stanley Drive
New Britain, CT 06053
ATTN: Legal / Privacy Policy Manager

Vinsamlega tilgreindu spurningu þína eða athugasemdir í bréfinu, þar á meðal vörumerki og þjónustu Stanley Black & Decker sem tengist spurningu þinni eða athugasemd.

Þú getur einnig haft samband við þann gagnaverndarfulltrúa sem er ábyrgur fyrir þitt land eða svæði, ef við á. [Sjá lista okkar yfir gagnaverndarfulltrúa og svipaðar aðgerðir](#).